

Byggðalistinn

1. Hver eru áherslumálin? Ef þið fengjuð hreinan meirihluta og þið réðuð þessu sjálf, nefnið 3-5 verkefni á svæðinu sem þið mynduð gera á næstu 4 árum.

Aðal áherslur Byggðalistans eru að styrkja grunnstoðir samfélagsins og þar ber hæst leik- og grunnskóli. Við viljum skapa góðar aðstæður svo að fjölskyldufólk geti flutt til sveitarfélagsins eftir að hafa sótt sér menntun og/eða þekkingu og sjái hag af því að setjast að í Skagafirði. Við ætlum að setja aukinn þunga í framkvæmdir á leik- og grunnskólabyggingum þar sem hugsað er til framtíðar, þ.e. næstu 20 ára. Helstu framkvæmdir sem horft er til í þessum málaflokki eru nýr leikskóli á Sauðárkróki, leik- og grunnskólabygging í Varmahlíð og bygging íþróttahúss og endurbætur á grunnskólanum á Hofsósi.

Við viljum jafnt aðgengi barna að íþrótt- og tómstundastarfi, sem og raungreinakennslu í aðstöðu sem er í takt við nútímann.

Við ætlum okkur að efla sveitarfélagið í því að geta tekið á móti fyrirtækjum eða einstaklingum sem hafa hug á því að flytjast með starfsemi sína út á land, standa vörð um opinber störf og stuðla að frekari íbúafjölgun.

Þá myndum við ráðast í endurbætur á lagnakerfi og ljósleiðaravæðingu þar sem þörf er á. Við teljum mikilvægt að þrýsta á ríkið að framkvæmdir við (við)byggingu verknámshúss FNV nái fram að ganga á næstu árum, sem og að göng undir Öxnadalshéið verði að veruleika í stað Tröllaskagaganga.

2. Það er ekki hægt að gera allt og ef það á að gera eitthvað á líklega að gera minna af einhverju öðru.

Hvaða verkefni mynduð þið leggja minni áherslu á en hefur verið gert síðustu 4-8 ár?

Forgangsroðun framkvæmda er nauðsynleg og viljum við setja framkvæmdir á grunnstoðum samfélagsins á oddinn. Þyrfti því að draga úr framkvæmdum við önnur verkefni á meðan verið er að sinna framkvæmdum við leik- og grunnskóla.

Sjálfstæðisflokkurinn í Skagafirði

1.

Hver eru áherslumálin? Ef þið fengjuð hreinan meirihluta og þið réðuð þessu sjálf, nefnið 3-5 verkefni á svæðinu sem þið mynduð gera á næstu 4 árum.

Ábyrgð yrði alltaf efst á blaði og halda áfram að gætni og aðhaldi í rekstri sveitarfélagsins enda eru það grundvallar forsendur fyrir því að geta unnið að verkefnum.

Áframhaldandi uppbygging leik- og grunnskóla og rekstur þeirra, leikskóli og viðhald skóla í Varmahlíð, íþróttahús og viðhald skóla á Hofsós, tónlistarskóli við Árskóla svo eitthvað sé nefnt.

Áframhaldandi uppbygging íþróttamannvirkja í samstarfi við íþróttahreyfinguna, uppbygging öflugs tómstundastarf fyrir ungmenni og eldri borgara.

Koma sorpmálum í ásættanlegt horf

Vera með skipulag og grunninnviði klára fyrir íbúa og fjárfesta t.d. vegna hótélbyggingar eða annarra starfsemi.

2.

Það er ekki hægt að gera allt og ef það á að gera eitthvað á líklega að gera minna af einhverju öðru. Hvaða verkefni mynduð þið leggja minni áherslu á en hefur verið gert síðustu 4-8 ár?

Í stefnuskrá okkar eru enginn mál sem að við getum ekki staðið við eða treystum okkur ekki til að framkvæma og sýnum ábyrgð í loforðum. Því er hægt að segja að þetta er í forgrunni punktar hér fyrir ofan án þess að skerða önnur mál þá er þetta það sem þarf að koma í lag hið fyrsta.

Síðan eru önnur verkefni sem eru háð því að ríkið komi að. Má þar m.a. nefna menningarhús á Sauðárkróki og ætti undirbúningur að því verkefni að fara af stað á þessu ári, stækkun á hafnarsvæði á Sauðárkróki og viðhald tengivega í héraðinu sem eru margir hverjir í slæmu ásigkomulagi. Þarna munum við nýta okkar krafta til að ýta þessum málum áfram.

Sjálfstæðisflokkurinn í Skagafirði

Vinstri Græn og óháð í Skagafirði

1. Hver eru áherslumálin? Ef þið fengjuð hreinan meirihluta og þið réðuð þessu sjálf, nefnið 3-5 verkefni á svæðinu sem þið mynduð gera á næstu 4 árum.

Við hjá VG og óháðum viljum opna stjórnsýslu, gagnsæi, heiðarleika og vönduð vinnubrögð. Það væri m.a. gert með skýrari verkferlum í stjórnsýslunni, greinargóðum fundargerðum, með auknu samráði við íbúa og íbúakosningum. Eins væri nauðsynlegt að hafa mælaborð á heimasíðu sveitarfélagsins með sýnileika á bæði framkvæmdum sveitarfélagsins og úrvinnslu íbúafunda. Ekki síst viljum við auka vægi ungmennaráðs og öldungaráðs í nefndum sveitarfélagsins.

Vegna stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu viljum við auka framboð íbúða húsnæðissamvinnufélaga án hagnaðarsjónarmiða í öllum þéttbýliskjörnum og eins tryggja að lóðir standi til boða í öllum þéttbýliskjörnum.

VG og óháð vilja að lögbundinni þjónustu sé sinnt vel um allt hérað og að við göngum lengra í valkvæðri þjónustu sem skapar jöfnuð og raunverulega heilsueflandi og fjölskylduvænt samfélag. Það þarf að stórbæta þjónustu við eldra fólk með staðbundinni matarþjónustu og stuðningi óháð búsetu. Auka þarf endurhæfingu í heimahús og almennt framboð af hreyfingu fyrir aldraða og sjá til þess að allir geti elst í sinni heimabyggð. Á sama tíma þarf að fjölga þjónustuíbúðum fyrir aldraða og hraða byggingu hjúkrunarheimilis, en Skagafjörður er með lengstan biðlista á landinu eftir slíkum rýmum.

Við leggjum áherslu á að tryggja fjölbreytileika í félags-, tómstunda-, íþrótt- og tónlistarstarfi svo allir geti fundið eitthvað við allra hæfi. Öll börn eiga að njóta fjárstuðnings við tómstunda og íþróttaiðkun, frá 0 - 18 ára en ekki einungis frá 5 - 18 ára eins og nú er. Einnig þarf að halda áfram að hækka hvatapeninga í takt við verðlagsþróun.

Mikilvægt er að vinna að stefnumótun í íþróttamálum í samstarfi við UMSS og aðra hlutaðeigandi aðila, kortleggja vel hver þörfin er og forgangsraða verkefnum með fólkinu sem að íþróttunum koma.

Við stefnum einnig á að reiðhöllin Svaðastaðir verði skilgreind sem íþróttamannvirki og viðhaldið sem slíku.

VG og óháð ætla sér að afnema leikskólagjöld í áföngum og tryggja að öll börn komist inn á leikskóla við 12 mánaða aldur í sínu nærumhverfi. Til þess að sjá fyrir þörfina þarf að áætla fjölda leikskólaplássna miðað við fjölda úthlutaðra lóða á hverjum stað fyrir sig. Einnig þarf að auka sveigjanleika, svigrúm og stöðugildi starfsmanna leikskólanna þar sem álag er gríðarlega mikið á þessum mikilvægu vinnustöðum.

Áfram viljum við þróa öflugt og framsækið skólastarf í öllum skólum Skagafjarðar t.d. með að matur sé eldaður á staðnum í öllum skólum og skólastigum í firðinum eftir gildum heilsueflandi grunnskóla. Við viljum bæði gróðurhús og skólahreystibrautir við grunnskólana sem og nauðsynlegt viðhald á skólabyggingum, sérstaklega A-álmu

Árskóla. Við viljum endurbyggja Varmahlíðarskóla með fjölbreyttum vinnurýmum fyrir nemendur en ekki einungis hefðbundum kennslustofum með borðum og stólum. Þar er sannarlega tækifærið núna til að gera vel og horfa til framtíðar. Mikilvægt er að hraða framkvæmdum við fjölnota iðnnámshús í FNV sem og að tryggja viðunandi

vinnuaðstöðu fyrir nemendur og kennara Tónlistarskóla Skagafjarðar. Ungmennahús fyrir tómstundastarf 16+ ára er mjög þarft fyrir unga fólkið okkar og þarf að koma slíkri aðstöðu fyrir í húsnæði í eigu sveitarfélagsins.

Um leið og stuðla þarf að uppbyggingu menningarhúss á Sauðárkróki má ekki gleyma að hlúa að menningararfi Bifrastar og bæta þar aðstöðu. Við viljum í því samhengi styðja við stofnun menningarfélags Skagafjarðar og sýna stuðning við samfélagslega viðburði til að auðga menningarlíf og skemmtun Skagfirðinga.

2. Það er ekki hægt að gera allt og ef það á að gera eitthvað á líklega að gera minna af einhverju öðru. Hvaða verkefni mynduð þið leggja minni áherslu á en hefur verið gert síðustu 4-8 ár?

Við hjá VG og óháðum viljum engar áhættufjárfestingar heldur sinna lögboðnum og valkvæðum verkefnum sveitarfélagsins vel fyrir alla íbúa. Við viljum því ekki greiða stöðugildi starfsmanna sem þjóna til borðs á veitingastað í samkeppni við aðra veitingastaði héraðsins eins og staðreyndin er nú með starfsmenn upplýsingamiðstöðvar sem staðsettir eru hjá 1238 á Aðalgötu 21. Þess vegna viljum við kanna hvort að lögfræðilegar forsendur samnings sveitarfélagsins við Sýndarveruleika ehf standist og rifta samningi til 30 ára ef svo er ekki.

Við viljum ekki línulegar hækkunir um hver áramót á leikskólagjöld, á fæði í leik- og grunnskólum eða hækkun á leigu félagslegra íbúða.

Við viljum ekki virkjanaáform í Jökulsánum heldur vernda sérstöðu þeirra. Við styðjum því áform í Rammaáætlun 3 að setja Jökulárnar í vernd og tökum ekki undir áform meirihluta um að halda Jökulsánum í biðflokki.

Framsókn í Skagafirði

1. Hver eru áherslumálin? Ef þið fengjuð hreinan meirihluta og þið réðuð þessu sjálf, nefnið 3-5 verkefni á svæðinu sem þið mynduð gera á næstu 4 árum.

Framsókn leggur áfram áherslu á uppbyggingu grunninnviða samfélagsins þannig að Skagafjörður verði ákjósanlegur búsetuvalkostur fyrir fólk. Þetta ætlum við að gera með því að:

- Halda áfram mikilli áherslu á skipulagsmál með úthlutun lóða í huga í öllum þéttbýliskjörnum sem henta uppbyggingu íbúða að ólíkri stærðargerð og til fjölbreyttra nota, til einstaklinga, verktaka, leigufélaga, húsnæðissamvinnufélaga, húsnæðissjálfsseignastofnana og til íbúða sem njóta hlutdeildarlána.
- Hlúa áfram að þörfum barnafjölskyldna með því að tryggja leikskólavistun barna frá 12 mánaða aldri eins og verður nú á árinu 2022, auk þess að styðja við metnaðarfullt starf grunnskólanna í Skagafirði.
- Halda áfram uppbyggingu íþróttamannvirkja í Skagafirði, m.a. ljúka framkvæmdum við sundlaug Sauðárkróks, hefja framkvæmdir við nýtt íþróttahús á Hofsósi og vinna að stefnumótun um næstu skref í samvinnu við UMSS.
- Vinna að því í samvinnu við ríkisvaldið að byggja ný hjúkrunarrými á Sauðárkróki og fjölga plássum í dagdvöl aldraðra.

2. Það er ekki hægt að gera allt og ef það á að gera eitthvað á líklega að gera minna af einhverju öðru. Hvaða verkefni mynduð þið leggja minni áherslu á en hefur verið gert síðustu 4-8 ár?

Það er svo að sveitarstjórnarmenn mega aldrei slaka á í þeirri viðleitni að gera gott samfélag enn betra. Þar gildir einu hvort átt er við eflingu þjónustu, skynsemi í rekstri, framkvæmdir sem styðja við farsæld samfélagsins, hagsmunagæslu gagnvart ríkisvaldinu, áherslu á fjölbreytta atvinnuuppbyggingu o.s.frv. En vissulega væri gott ef næsta kjörtímabili einkenndist ekki af ófyrirséðum atburðum og við værum laus við heimsfaraldur kórónaveiru, háskaveður og annað slíkt en þess í stað væri hægt að einbeita sér að framfylgni mála í stöðugra umhverfi.